

**139. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 12. mars 2014 í Stykkishólmi**

**Mætt:** Halla Steinólfsdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Arnheiður Jónsdóttir, Trausti Baldursson, Sigurður Þórólfsson, Ásgeir Gunnar Jónsson varamaður. Erla Friðriksdóttir, Magnús A. Sigurðsson og Eiríkur Snæbjörnsson boðuðu forföll.

*Fundarritari:* Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 10:30.

**Fundargerð 138. fundar**

**Afgreiðsla:** Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

**Deiliskipulag í landi Höskuldsstaða**

Óskað er eftir umsögn Breiðafjarðarnefndar um tillögu að nýju deiliskipulagi í landi Höskuldsstaða í Laxárdal í Dalabyggð.

**Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd bendir á að staðsetning svæðisins sé utan verndarsvæðis Breiðafjarðar. Nefndin leggur áherslu á að ítrustu reglum um frárennsli verði fylgt.

**Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016**

Óskað er eftir umsögn Breiðafjarðarnefndar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016. Breytingin tekur til urðunarsvæðis í landi Höskuldsstaða og til breytingar á Vestfjarðarvegi nr. 60, í Miðdölum, ásamt tengingu Fellsendavegar og Hlíðarvegur.

**Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd gerir ekki athugasemdir við breytingu aðalskipulags.

**Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018**

Óskað er eftir umsögn Breiðafjarðarnefndar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018. Breytingin tekur til afmörkunar þéttbýlis á Reykhólum og til breytingar á afmörkun frístundarsvæðis í landi Kirkjuból á Bæjarnesi.

**Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd gerir ekki athugasemd við auglýstar aðalskipulagsbreytingar. Nefndin leggur áherslu á að ítrustu reglum um mengunarvarnir verði fylgt. Formanni falið að kanna feril málsins.

### **Verndaráætlun Breiðafjarðar**

Umsagnir um verndaráætlun Breiðafjarðar bárust frá sveitarfélögum Dalabyggð, Reykhólahreppi, Vesturbyggð, Stykkishólmsbæ og Grundarfjarðarbæ. Snæfellsbær sendi ekki frá sér umsögn en tekur undir umsagnir Stykkishólmsbæjar og Grundarfjarðarbæjar.

#### **Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd þakkar fyrir ábendingar og leiðréttingar sem hafa borist við drög að verndaráætlun Breiðafjarðar. Nefndin fór yfir umsagnirnar og mun nefndin svara sveitarfélögum með formlegum hætti. Formanni er falið að undirbúa svör við innsendum athugasemdum í samræmi við umræður á fundinum.

### **Fyrirspurn frá Rannsóknasetri HÍ á Snæfellsnesi**

Rannsóknasetur HÍ á Snæfellsnesi er að leitast eftir fjárstuðningi frá Breiðafjarðarnefnd við verkefni um að kortleggja gróðurfar og fuglalíf í Breiðafjarðareyjum.

#### **Afgreiðsla:**

Árni Ásgeirsson og Jón Einar Jónsson komu á fundinn og kynntu verkefnið og svöruðu spurningum nefndarmanna. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

### **Önnur mál**

Pálmi ritari upplýsti nefndarmenn um væntanlega bók Ævars Petersen um örnefni í Flatey.

**Fundi Breiðafjarðarnefndar var slitið kl. 14:00. Næsti fundur verður haldinn 9. apríl 2014.**